

Ísland

Ástand umhverfismála og umhverfisvandamál á Íslandi eru um margt frábrugðin því sem önnur Evrópulönd standa frammi fyrir. Landið er strjálbýlt og landsmenn byggja afkomu sína einkum á náttúruauðlindum og sjálfbærri nýtingu þeirra. Í tilviki Íslands væri því annars konar sett af mælikvörðum hentugra við mat á frammistöðu landsins í umhverfismálum þar sem megináherslan væri á stjórnun fiskistofna, endurnýjanlegar orkulindir og verndun víðerna.

Gróðurhúsalofttegundir			Orkuneysla			Endurnýjanleg orka f. raforkuframleiðslu		Sýrandi efni		Forstig ósons			Vöruflutningar Eftirspurn			Lífrænn búskapur		Sorp frá sveitarfélögum			Ferskvatnsnotkun	
Losun/preinstaki...	Losun/VLF	Losun DTT*	Neysla/preinstaki...	Neysla/VLF	Neysla	Hlutfall	Hlutfall	Losun/preinstaki...	Losun DTT*	Losun/preinstaki...	Losun/VLF	Losun DTT*	Vöruflutningar/geta.	Freight transport VLF	Freight transport DTT*	Hlutfall	Hlutfall	Sorp frá sveitarfélögum	Sorp frá sveitarfélögum	Sorp frá sveitarfélögum DTT*	Vatnsnotkunarvísitala	Vatnsnotkunarvísitala
ÖBR-ÁSTAND	ÖBR-ÁSTAND	FRAMFARIR	ÖBR-ÁSTAND	ÖBR-ÁSTAND	FRAMFARIR	ÖBR-ÁSTAND	FRAMFARIR	ÖBR-ÁSTAND	FRAMFARIR	ÖBR-ÁSTAND	FRAMFARIR	FRAMFARIR	ÖBR-ÁSTAND	ÖBR-ÁSTAND	FRAMFARIR	ÖBR-ÁSTAND	FRAMFARIR	ÖBR-ÁSTAND	FRAMFARIR	FRAMFARIR	ÖBR-ÁSTAND	FRAMFARIR

DDT* = Distance to target, þ.e. það sem vantar upp á að markmiði sé náð.

Losun gróðurhúsalofttegunda

Losun gróðurhúsalofttegunda nam 3,5 milljónum tonna árið 2003 — en það er 8 % aukning frá árinu 1990. Þar sem Íslendingar eru u.þ.b. 300 000 er þetta um 11 600 kg á hvern einstakling, sem er undir meðallagi. Samsetning losunar á Íslandi er á margan hátt óvenjuleg. Í fyrsta lagi er nánast engin losun frá raforkuframleiðslu eða húshitun þar sem endurnýjanleg orka er notuð. Í öðru lagi koma meira en 80 % losunar vegna orkunotkunar frá samgöngutækjum og fiskiskipum. Í þriðja lagi má geta þess að einstök tilfelli losunar frá iðnaðarferlum hafa hlutfallslega mikil áhrif á heildarlosun á landsgrundvelli. Skuldbindingar Íslendinga samkvæmt Kyoto bókuninni eru því tvennskonar: losun ætti ekki að aukast um meira en 10 % miðað við það sem var 1990 og 1 600 000 tonn af CO₂ losun frá iðnaðarferlum sem falla undir heitið 'stök verkefni' eiga að dragast frá 10 % markmiðinu. Ef tekið er tillit til þessa atriðis, hefur losun sem heyrir undir 10 % Kyoto ákvæðið, minnkað um 6 % frá 1990.

Orkunotkun

Árið 2002 var frumorkunotkunin 500 GJ á hvern íbúa (11,9 ígildi olíutons á hvern íbúa), sem er meðal þess sem mest gerist í veröldinni. Margar ástæður eru fyrir þessu, en mest munar þó um hið háa hlutfall sem fer í orkufrekan iðnað, hlutfallslega mikla raforkuframleiðslu háhitavirkjana, og verulega orkunotkun í tengslum við fiskveiðar og samgöngur. Að auki er jarðhiti (vatn) mikið notaður til húshitunar.

Endurnýjanleg raforka

Ísland er meðal þeirra landa sem lengst eru komin í notkun rafmagns úr endurnýjanlegum orkulindum. Stærstur hluti orku til húshitunar er endurnýjanlegur því að orkan kemur frá jarðhita að 86 hundraðshlutum. Í dag standa jarðhiti og vatnsafl undir meira en 70 % af frumorkunotkun landsmanna.

Losun sýrandi efna

Losun af þessu tagi verður vandamál þegar hún er mikil miðað við stærð svæðis, en ekki endilega þótt hún sé mikil miðað við íbúafjölda. Á Íslandi eru u.þ.b. 3 íbúar/ km² sem er langminnsta þéttbýlið í allri Evrópu. Losun sýrandi efna á Íslandi er há ef miðað er við losun á hvern einstakling en lág hvað heildina varðar og mjög lág ef miðað er við losun á hverja flatarmálseiningu. Rétt er að geta þess að í gögnum, sem notast er við, kemur stór hluti losunarinnar frá jarðhitasvæðum, sem ekki er lengur innifalinn í skýrslum til UNFCCC. Ef losunin frá jarðhitasvæðum er undanskilin telst rúmlega einn þriðji allrar losunar koma frá fiskveiðiflotanum. Þessi viðmiðun er því ekki brúkleig til að meta áhrif súrnunar og ástand umhverfis á Íslandi. Súrnun er einfaldlega ekkert vandamál á Íslandi.

Fólksfjöldi: 286 000
Stærð: 103 000 km²
VLF: 7 088 million EUR



Losun ósonmyndandi efna

Sama á við um ósonmyndandi efni og um sýrandi efni; losun þeirra er ekki vandamál á Íslandi. Fiskveiðiflotinn er ábyrgur fyrir næstum helmingi allrar TOFP (efni sem kunna að mynda óson í veðrahvolfinu) losunar.

Hlutur vöruflutninga

Hlutfall vöruflutninga miðað við verga landsframleiðslu er það minsta sem gerist, en það er erfitt að bera Ísland saman við önnur lönd hvað þetta varðar. Þar sem u.þ.b. helmingur þjóðarinnar býr í Reykjavík og nálægum sveitarfélögum eru flutningaleiðirnar ekki langar. Auk þess eru sjóflutningar ekki meðtaldir.

Svæði undir lífrænan búskap

Skilyrði til landbúnaðar á Íslandi eru ekki hagstæð lífrænum búskap í stórum stíl. Ræktað land er 1 290 km², þ.e. aðeins u.þ.b. 1,3 % heildarlandsvæðisins; tún eru 1,2 % og 0,1 % eru notuð til garðræktar, fódur- og kornræktar. Hagar og móar eru 17 700 km². Mestallt gróið land, sem er allt að 80 000 km², að flatarmáli, er ógirt, óáborið beutiland þar sem sauðkindin fer frjáls ferða sinna á sumrin.

Úrgangur frá sveitarfélögum

Meðferð úrgangs á Íslandi hefur tekið gríðarlegum framförum frá því á 10. áratugnum, enda hafa tölur yfir endurvinnslu og endurnýtingu hækkað ört. Nú er bannað að brenna úrgang í opnum gryfjum og urðunarstaðir eru bæði orðnir færri, stærri og umhverfisvænni. Tölur sem Íslendingar hafa birt um úrgang frá sveitarfélögum voru endurskoðaðar fyrir skemmstu þannig að tekið er tillit til þess að heimilisúrgangs og úrgangs frá fyrirtækjum er hirt sameiginlega á mörgum stöðum á landinu. Sorphirðukerfið gerir það næstum útilokað að áætla hvert hlutfall heimilisúrgangs sé í heildarmagni sopherðu. Þess vegna er allt sorp skráð sem 'úrgangur frá sveitarfélögum'. Reyndar hefur þetta verið að breytast, einkum á þéttbýlustu svæðunum, þar sem fyrirtækjaúrgangi og heimilisúrgangi er safnað sérstaklega í sífellt auknu mæli. Af þeim sökum er orðið auðveldara að meta hvernig úrgangur skiptist eftir tegundum. Þannig hefur komið í ljós að úrgangur frá sveitarfélögunum á hvern einstakling er um 490 kg/ár en ekki 1 030 kg/ár eins og áður var talið.

Notkun ferskvatnsbirgða

Hvergi í Evrópu er til eins mikið af aðgengilega ferskvatni miðað við hvern íbúa og á Íslandi. Mikil úrkoma (að meðaltali 2 000 mm á ári) og sú staðreynd að Ísland er strjálbýlasta land Evrópu, gerir það að verkum að flestir hafa aðgang að nægu fersku vatni. Meira en 95 % alls vatns í opinberum vatnsveitum er ómeðhöndlað grunnvatn sem tekið er úr uppsprettum og borholum. Vatnsskortur vegna of mikillar notkunar er óþekktur og öll vatnsöflun er sjálfbær.

Hafið samband við landsmiðstöð Íslands til að fá meiri upplýsingar. Nánar um það á:
<http://org.eea.eu.int/organisation/>